

Reglur
Sparisjóðs Austurlands
um upplýsingar um viðskiptamenn

Mars 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
1. gr. <i>Inngangur</i>	3
2. gr. <i>Öflun og vistun upplýsinga</i>	3
3. gr. <i>Aðgengi starfsmanna</i>	4
4. gr. <i>Miðlun upplýsinga</i>	4
5. gr. <i>Aðgengi viðskiptamanna að upplýsingum</i>	4
6. gr. <i>Eftirlit með reglum þessum</i>	5

1. gr. Inngangur.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 19.gr.b. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og varða utanumhald upplýsinga um einstaka viðskiptamenn, aðgengi starfsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn, vistun þeirra og miðlun.

Markmið með setningu þessara reglna er að tryggja örugga meðhöndlun upplýsinga um viðskiptamenn. Tilgangurinn er að viðskiptamenn viti hvernig upplýsingar um þá eru vistaðar, meðhöndlaðar eða miðlað innan sparisjóðsins eða til þriðja aðila.

2. gr. Öflun og vistun upplýsinga

Sparisjóðnum er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar til að sinna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki sem og til að tryggja öryggi í fjármálapjónustu. Sparisjóðurinn skal eingöngu óska eftir upplýsingum frá viðskiptamönnum sínum sem nauðsynlegar eru til að þjónusta þá, eða lög eða reglur áskilja að aflað sé. Sama á við um upplýsingar sem Sparisjóðurinn aflar um viðskiptamenn sína frá opinberum aðilum, s.s. frá Þjóðskrá.

Persónuupplýsingar skulu eingöngu notaðar í þeim tilgangi sem þeirra var aflað.

Sparisjóðurinn vistar allar nauðsynlegar upplýsingar sem hann hefur aflað frá viðskiptamönnum hans. Upplýsingar eru ýmist vistaðar á rafrænu formi eða í formi pappírs. Sjóðurinn skal varðveita allar rafrænar upplýsingar samkvæmt ströngustu öryggiskröfum sem almenn eru viðhafðar hjá íslenskum fjármálastofnunum. Öll pappírsgögn, sem innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar, skulu geymd á öruggan hátt.

Persónuupplýsingar eru varðveittar eins lengi og viðskiptasamband varir og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir sparisjóðsins krefjast og málefnaleg ástæða þykir til.

3. gr. Aðgengi starfsmanna.

Upplýsingar um viðskiptamenn sparisjóðsins eru aðgangsstýrðar. Sparisjóðsstjóri og skrifstofustjóri hafa aðgang að öllum upplýsingum viðskiptamanna. Aðrir starfsmenn sjóðsins hafa takmarkaðan aðgang allt eftir þörfum hvers og eins.

Starfsmönnum er óheimill aðgangur að skrá um upplýsingar um einstaka viðskiptamenn nema þeir þurfi á upplýsingunum að halda svo sem við meðhöndlun mála viðkomandi viðskiptamanns, úrvinnslu þeirra og/eða úrlausn.

4. gr. Miðlun upplýsinga

Sparisjóðnum er skylt að miðla upplýsingum um viðskiptavinum sína á grundvelli lagakrafna þar að lútandi, vegna lögmætra beiðna frá opinberum aðilum, svo sem lögreglu og fjármálaeftirlitinu eða öðru lögbæru yfirvaldi. Þá setja ýmis lög- og reglur þær skyldur á sparisjóðinn að hann hafi frumkvæði að miðlun upplýsinga um fjárhagsstöðu viðskiptamanna svo sem vegna gruns um peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og vegna tilkynningarskyldu sjóðsins til ábyrgðarmanna lána.

Sparisjóðnum er heimilt að miðla upplýsingum um viðskiptamenn til þriðja aðila sem sjóðurinn hefur samið við um vinnslu eða utanumhald vegna einstakra þjónustubátta.

Sparisjóðnum er heimilt, í tengslum við innri- og ytri endurskoðun sjóðsins, að miðla öllum nauðsynlegum upplýsingum til þeirra aðila sem framkvæma innri- og ytri endurskoðun sjóðsins.

5. gr. Aðgengi viðskipamanna að upplýsingum.

Viðskiptamanni er heimilt hvenær sem er að óska upplýsinga um þær persónuupplýsingar sem sparisjóðurinn varðveitir um sig og notkun þeirra. Viðskiptamaður skal leggja fram skriflega, skýra og vel afmarkaða beiðni um upplýsingar.

Sparisjóðsstjóri leggur mat á það hvort viðskiptamaður eigi rétt á umbeðnum upplýsingum eða fær aðstoð lögmanns við matið. Við mat á upplýsingabeidni skal gæta trúnaðarskyldu skv. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Aðeins er heimilt að veita upplýsingar sem eru formlegar og nákvæmar, sjóðurinn afhendir hvorki tölvupósta né vinnugögn starfsmanna. Sparisjóðsstjóri ber einnig ábyrgð á því að veita viðskiptamanni umbeðnar upplýsingar.

Viðskiptamaður Sparisjóðs Austurlands á rétt á að fá upplýsingar frá sjóðnum um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skránni, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi. Viðskiptamenn eiga þó ekki rétt á persónugreinanlegum upplýsingum um starfsmenn sjóðsins sem komið hafa að öflun upplýsinganna.

Sparisjóðurinn áskilur sér rétt til gjaldtöku vegna vinnu við söfnun upplýsinga sem viðskiptamaður hefur óskað eftir að fá afhent.

6. gr. Eftirlit með reglum þessum

Sparisjóðurinn skráir alla notkun stjórnenda og starfsmanna á upplýsingakerfum sjóðsins. Reglur um notkun og vinnslu upplýsinga er varða viðskiptamenn taka á því eftirliti og þeirri vöktun sem er með notkun á upplýsingakerfum sjóðsins.

Innri endurskoðun skal árlega gæta þess hvort sjóðurinn framfylgi reglunum. Sparisjóðsstjóra ber að vakta aðgangsheimildir og hann skal einu sinni á ári skoða hvort notkun upplýsingakerfa sé til samræmis við þau störf sem unnin eru hverju sinni. Innri endurskoðun leggur mat á úttektir sparisjóðsstjóra og staðreynir áreiðanleika þeirra.

Reglur þessar voru samþykktar í stjórn Sparisjóðs Austurlands þann 23.03.2016 og taka þegar gildi. Reglurnar skal birta á vefsíðu sparisjóðsins www.sparaust.is

Stjórn Sparisjóðs Austurlands hf.
